

TILSKIPUN

um

54

4. ágúst

breyting á og viðauka við tilskipun nr. 84, 30. nóv. 1921, um ákvörðun
tekjuskatts og eignarskatts í Reykjavík.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur,
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,
Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: að Vjer bjóðum hjermeð og fyrirskipum samkvæmt
23. gr. laga nr. 74, 27. júní 1921, um ákvörðun tekjuskatts og eignar-
skatts í Reykjavík á þessa leið:

1. gr.

Í Reykjavík skal útsendingu eyðublaða undir framtal til tekjuskatts og eignarskatts vera lokið 10. janúar ár hvert og skal þeim skilað útfyltum á skattstofuna í síðasta lagi 31. janúar næstan á eftir. Þeir, sem reka atvinnu á fleirum stöðum en einum, þurfa þó ekki að skila framtalsskýrslum sínum fyrir en 31. mars. Ennfremur er skattstjóra rjett að veita mönnum, ef sjerstaklega stendur á frest til framtals til 15. mars. Skattskrá skal gerð fyrir lok aprílmánaðar og liggja skal hún frammi almenningi til sýnis 15 daga, enda er kærufrestur til þess dags og með þeim degi, er skattskrá liggur síðast frammi. Kærur skal skattstjóri hafa úrskurðað 31. maí, og kærufrestur til yfirskattanefndar skal vera 15 dagar í júnímánuði, en úrskurðað skal hún hafa kærur fyrir júnílok.

2. gr.

Í Reykjavík skal skora á alla þá, sem ekki hafa sent framtal sitt innan lögmæltis tíma með auglýsingu í dagblöðum kaupstaðarins, einu eða fleirum, að telja fram eignir sínar og tekjur lögum samkvæmt innan hæfilegs tíma er tiltekinn sje í auglýsingu, enda skal ekki þurfa annarar áskorunar.

54

3. gr.

4. ágúst

Tilskipun þessi öðlast þegar gildi. Með henni er úr gildi fallin tilskipun nr. 41, 1. apríl 1922, um breyting á og viðauka við tilsk. 30 nóv. 1921, um ákvörðun tekjuskatts og eignarskatts í Reykjavík.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Christiansborg, 4. ágúst 1924.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Jón Þorláksson.